


Aðalskipulag Kjósahrepps 2017-2029

Breyting á skilmálum frístundabyggðar F4a við Nesveg



Kjósahreppur



AÐALSKIPULAG KJÓSAHREPPS 2017-2029, TÓK GILDI EKKI 16.01.2019, Í KVARÐA
Svæðið sem breytingum tekur er innan rauða hringsins

Greinargerð

Hreppsnefnd Kjósahrepps leggur hér fram breytingu á Aðalskipulagi Kjósahrepps 2017-2029 skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Einungis er gerð textabreyting og skilmálum fyrir frístundabyggðina F4a breytt en uppdráttur helst óbreyttur. Ráðgert er að stækka frístundabyggðina úr 2 ha í allt að 3,5 ha og heimila 8 lóðir í stað 5 áður.

Forsendur

Í Aðalskipulagi Kjósahrepps 2017-2029 er svæðið á landbúnaðarlandi í flokki I. Svæðið er framræst og ræktað og flokkast sem tún og akurlendi (L14.2) í vistgerðarkortlangningu Náttúrufræðistofnunar Íslands. Engar jarðmyndanir eru á svæðinu sem falla undir sérstaka vernd vistkerfa og jarðminja skv. 61. gr. laga um náttúruvernd og engar þekktar fornminjar eru á svæðinu. Svæðið er á C-hluta náttúruminjaskrár nr. 134 sem er skrá yfir náttúruminjar sem ástæða þykir til að friðlýsa eða friða. Finnist áður óþekktar fornminjar skal stöðva framkvæmdir og tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands.

Í stefnu sveitarfélagsins í aðalskipulagi segir að svæði sem flokkast sem gott landbúnaðarland (flokkur I og II) verði ekki tekið til annarrar landnýtingar sem takmarki matvælaframleiðslu til framtíðar. Nú þegar er búið að leggja aðkomuveg sem nýtist svæðinu og byrjað er að reisa frístundahús austan vegarins. Svæðið er því í jaðri þegar raskaðs lands, verið er að nýta núverandi innviði og er ekki verið að raska samfelldu landbúnaðarlandi.

Umhverfisáhrif

Líkleg áhrif af stefnu aðalskipulagsbreytingarinnar eru metin skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Áhrif á landnotkun eru einnig metin óveruleg þar sem verið er að stækka núverandi frístundabyggð, vegur og veitur eru þegar við svæðið og er því verið að nota núverandi innviði. Gott landbúnaðarland er tekið undir nýjar lóðir en er það í jaðri svæðisins en vegna lítils umfangs, eða stækkunar uppá 1,5 ha eru áhrifin metin óveruleg.

SAMÞYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi, sem hefur fengið málsmeðferð skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í skipulags- og bygginganefnd þann

28. mars 2022

og í hreppsnefnd Kjósahrepps þann 30. mars 2022



Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann 05.05.2022



Breyting á greinargerð

Greinargerð fyrir breytingu


Tafla í kafla 2.2.2 Frístundabyggð (F)

SVÆÐI FYRIR FRÍSTUNDBYGGÐ		
Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
F4a	Flekkudalur	Svæðið er deiliskipulagt fyrir 5 lóðir. Svæðið er óbyggt. Heimilt er að reisa frístundahús og geymslu, heildarstærð bygginga er allt að 200 m². Stærð svæðis er um 2 ha.

Greinargerð eftir breytingu

Tafla í kafla 2.2.2 Frístundabyggð (F)

SVÆÐI FYRIR FRÍSTUNDBYGGÐ		
Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
F4a	Flekkudalur	Á svæðinu er heimilt að hafa allt að 8 lóðir. Í gildi er deiliskipulag fyrir 5 lóðir. Svæðið er að hluta byggt. Heimilt er að reisa frístundahús og geymslu, heildarstærð bygginga er allt að 200 m². Stærð svæðis er um 3,5 ha.



AÐALSKIPULAG KJÓSAHREPPS 2017-2029



Aðalskipulag Kjósahrepps 2017-2029
Breyting á skilmálum frístundabyggðar F4a við Nesveg

VERK:	BLADSTÆRD:	UNNIÐ:	RÝNT:
5886-003	A3	AB	ÁJ
MÆLIKVARÐI:	DAGS:	DAGS.BREYT:	
EKKI Í KVARÐA	16.03.2022	---	

SAMÞYKKT: